Nr. 26.
11. júlí.

# Lög
um
## skoðun á síld.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á svæðinu milli Horns og Langaness skal skoðun fara fram á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings og veidd er í herpinót eða reknet og söltuð er á landi eða við land.

Auk þess skal öllum á þessu svæði gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

2. gr.

Skoðun þessi skal framkvæmd af matsmönnum, yfirmatsmönnum eða undirmatsmönnum.

3. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert, skulu skipstjórar á þeim síldveiðaskipum, er veiða með herpinót eða reknetum á nefndu svæði, skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

4. gr.

Landsstjórnin sjer um að til sjeu eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

5. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi, sem veitt hefur síld sína með þeim veiðarfærum, er um getur í 1. gr. Skal flytja hana þangað, sem einhver matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra að tilkynna honum þegar um komu sína; má ekki byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaður hefur skoðað hana og metið. Meðan á söltuninni stendur, ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kynni að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda í lagarheldum tunnum.

6. gr.

Sje veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana á skipinu, eða án þess hún sje sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna síldveiðaskipi

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 26.
11. Juli.

om

## Besigtigelse af Sild.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Paa Strækningen mellem Horn og Langanes skal der foretages Besigtigelse af al nyfanget, til Udførsel bestemt Sild, der er fanget i Snurpenot eller Drivgarn og nedsaltes i Land eller under Land.

Desuden skal der paa denne Strækning gives alle Lejlighed til at faa saltet Sild vraget, naar den har ligget tilbørlig længe i Salt.

§ 2.

Denne Besigtigelse foretages af Vragere, Vragerformænd eller Undervragere.

§ 3.

Forinden Sildefangsten begynder hvert Aar, har Skipperne paa de Sildefangstskibe, der fiske med Snurpenot eller Drivgarn paa nævnte Strækning, at tage en Vrager om Bord, der skal give Raad om, hvorledes Skibet skal udrustes for at være hensigtsmæssig til Sildens Opbevaring.

§ 4.

Regeringen paaser, at ethvert Sildefangstskib kan faa i tilstrækkeligt Antal Blanketter, som Skipperne have at udfylde. De skulle hver Gang, Skibet begynder at tage Sild ind, anføre Dag og Klokkeslet samt Fangstens Størrelse. De udfyldte Blanketter skulle altid forinden Sildens Besigtigelse afleveres til den Vrager, der foretager Besigtigelsen.

§ 5.

Naar et Sildefangstskib, der har brugt de i § 1 nævnte Fangstredskaber, kommer ind, har det at transportere Fangsten derhen, hvor der er en Vrager, hvorhos Skipperen straks har at melde ham sin Ankomst. Sildens Nedsaltning kan ikke begynde, førend Vrageren har besigtiget den og vraget. Under Nedsaltningen har Vrageren at paase, at fordærvet og ufordærvet Vare ikke sammenblandes. Den Del af Silden, som Vrageren maatte anse for fordærvet Vare, maa ikke eksporteres i vandtætte Tønder.

§ 6.

Er Fangsten saa ringe, at Skipperen ikke anser det for Omkostningerne værd at transportere den i Land til Nedsaltning, kan den dog nedsaltes i Skibet eller uden at forevises Vrageren. De samme Bestemmelser gælde tillige, hvis Vejr eller andre uforud-

Nr. 26. 11. júlí.

að komast nægilega fljótt að landi, þar sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem ræðir um í þessari grein, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar í lagarheldum tunnum.

7. gr.

Þegar skoðun fer fram á saltaðri síld og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í, ef þess er krafist. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum, má ekki nota á ný til útflutnings síldar nema merkið sje áður af máð.

8. gr.

Yfirmatsmenn sjeu tveir, skipaðir af ráðherra. Annar þeirra hafi aðsetur á Akureyri, hinn á Siglufirði. Stjórnarráðið ákveður starfsvið þeirra og gefur þeim erindisbrjef. Laun þeirra hvors um sig sjeu 1000 kr. árlega. En auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og tvær krónur í fæðispeninga, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns. Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr landssjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráðið gefur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfsvæði þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn og skal það greitt af útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—2000 kr. sekt, sem renni í landssjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 20. júlí 1911 og gilda til ársloka 1913.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

seelige Omstændigheder forhindre et Sildefangstskib i at komme tilstrækkelig hurtigt ind til et Sted, hvor der er en Vrager. Den i denne Paragraf omhandlede Sild bør dog forinden den eksporteres forevises Vrageren, der, hvis dertil findes Grund, kan forbyde dens Udførsel i vandtætte Tønder. Nr. 26. 11. Juli.

§ 7.

Naar Besigtigelse af saltet Sild foretages, og Vrageren anser den for godt tilvirket og ufordærvet Vare, er han pligtig til paa Forlangende at forsyne Sildefustagerne med et af Ministeriet bestemt Mærke.

Sildefustager med det bestemte Mærke maa ikke paa ny benyttes til Udførsel af Sild, medmindre Mærket forinden er udslettet.

§ 8.

Ministeriet beskikker to Vragerformænd. Den ene skal være bosat i Akureyri, den anden i Siglufjord. Ministeriet bestemmer deres Virkekreds og fastsætter et Arbejdsregulativ. Hver af dem lønnes med 1,000 Kr. aarlig. Rejseomkostninger skal godtgøres dem tillige med 2 Kr. i Diæter, naar de paa Grund af deres Bestilling ere nødte til at foretage Rejser. Lønninger, Rejseomkostninger og Diæter udredes af Landskassen.

Undervragere skulle beskikkes af vedkommende Politimester paa de Steder, Overvragerne anse fornødent, samt efter deres Indstilling. Ministeriet udfærdiger et Arbejdsregulativ for dem, medens Vragerformændene bestemme deres Virkekreds. Undervragernes Løn bestemmes af Vragerformændene og betales af de Redere, hvis Sild besigtiges.

Alle Vragere skulle underskrive Edsformular om, at de ville rette sig efter de Bestemmelser, der ere givne angaaende deres Virksomhed, og betjene deres Bestilling med Flid og Nidkærhed.

§ 9.

Overtrædelser af nærværende Lovs Bestemmelser straffes, for saa vidt ikke højere Straf er forskyldt i Henhold til den almindelige Straffelov, med Bøder af 50—2,000 Kr., som tilfalde Landskassen.

§ 10.

Denne Lov træder i Kraft den 20. Juli 1911 og gælder til Udgangen af Aaret 1913.

**Hvorefter** alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

---

**Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.**

***Kristján Jónsson.***

*Jon Krabbe.*